



Borðtennissamband Íslands

www.borðtennis.is

Íslandsmót í flokkakeppni unglunga í borðtennis 2018

Íslandsmót í flokkakeppni unglunga í borðtennis 2018 fer fram í Íþróttahúsi Hagaskóla helgina **10.-11. febrúar 2018**. Borðtennisdeild KR er umsjónaraðili mótsins f. h. Borðtennissambands Íslands.

Aldursflokkar

Keppt verður í eftirtöldum aldursflokkum drengja og stúlkna, skv. reglugerð um flokkakeppni:

- Piltar og telpur fædd 2005 og síðar (13 ára og yngri)
- Sveinar og meyjar fædd 2003-2004 (14-15 ára)
- Drengir og stúlkur fædd 2000-2002 (16-18 ára)

Dagskrá

Laugardagur 10. febrúar

13.00 Drengir fæddir 2000-2002

13.00 Sveinar fæddir 2003-2004

Sunnudagur 11. febrúar

10.00 Piltar fæddir 2005 og síðar

10.00 Telpur fæddar 2005 og síðar

13.00 Meyjar fæddar 2003-2004

13.00 Stúlkur fæddar 2000-2002

Keppnisfyrirkomulag

Hverju félagi er heimilt að tilkynna eins mörg lið til þátttöku í hvern flokk og það óskar eftir. Liðum skal þá raðað eftir styrkleika A, B, C o.s.frv. Að lágmarki eru tveir leikmenn í liði. Hver keppandi má aðeins leika í einu liði í einum flokki.

Keppt er skv. Corbillion fyrirkomulagi: Tveir einliðaleikir (A:X, B:Y), tvíliðaleikur, og síðan aftur tveir einliðaleikir (A:Y, B:X) ef þörf krefur. Þrjú vinninga þarf til að vinna leik.

Leikið verður í riðlum og síðan er leikið upp úr riðlunum með einföldum útslætti ef fleiri en 6 lið eru skráð í sama flokk. Raðað verður í riðla eftir styrkleika þeirra leikmanna sem skráðir eru í liðin skv. nýjasta styrkleikalista BTÍ.

Verðlaun verða veitt fyrir fjögur efstu sætin í hverjum flokki.

Leikið verður með Stiga hvítum 3ja stjörnu kúlum.

Mælst er til þess að leikmenn leiki í búningum síns félags.

Skráning og þáttökugjöld

Þáttökugjald í flokkakeppnina er kr. 3.000 á lið. Greiðsla leggist inn á reikning Borðtennisdeildar KR: Bankareikningur: 0137-26-008312, kennitala 661191-1129. Greiðsla er staðfesting á þáttöku og skal þáttökugjaldið greiðast um leið og skráning en í síðasta lagi fyrir upphaf keppni. Tilkynning um greiðslu skal send á netfangið bordtennisdeildkr@gmail.com og skal koma fram fyrir hvaða leikmann/lið er verið að greiða.

Síðasti skráningardagur er **miðvikudagurinn 7. febrúar kl. 20.00**. Skráningum skal skilað á vef Tournament Software

(<http://www.tournamentsoftware.com/sport/tournament.aspx?id=49C83D4B-C831-4DD4-B6E8-2C5C0F2CB0A0>) eða í tölvupósti til mótstjórnar en þar skal koma fram í hvaða flokkum eigi að skrá liðin sem greitt hefur verið fyrir og hvaða leikmenn skipa liðin.

Skila þarf kennitölu allra keppenda í síðasta lagi á mótisdag!

Mótstjórn

Ásta M. Urbancic, gsm. 895 96 93, astaurb@gmail.com

Guðrún Gestsdóttir, hs. 551 4949, ggests@gmail.com

Magnús Stefánsson, gsm. 865 3884, magnus.stefansson@gmail.com

Yfirdómarar: Kári Mímisson verður yfirdómari á laugardeginum og Hannes Guðrúnarson á sunnudeginum.

Dregið verður í mótið í Íþróttahúsi Hagaskóla fimmtudaginn 8. febrúar kl. 18:00. Drátturinn verður birtur á vef Tournament Software að loknum drætti.

F.h. mótstjórnar,
Ásta M. Urbancic